



Fornleifaskráning vegna verndarsvæðis í byggð í gamla hverfi Egilsstaða, Múlaþingi



Rannveig Þórhallsdóttir
2021

Forsíðumynd: Horft yfir fornleifaskráningarsvæðið í gamla bæ Múlaþings þann 25. febrúar 2021. RÞ.



© Rannveig Þórhallsdóttir
Unnið fyrir sveitarfélagið Múlaþing
Febrúar 2021

Efnisyfirlit

ABSTRACT	4
INNGANGUR	4
VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ	5
SKRÁNINGIN	5
<i>SÖGULEGT YFIRLIT</i>	6
NIÐURSTAÐA	8
HEIMILDIR	8

Abstract

Archaeological registration was done by Sagnabrunnur in February 2021 at the center of the town Egilsstaðir, East-Iceland for Múlaþing. No historical evidence indicating archaeological remains, 100 years or older, nor any visual evidence of archaeological remains at the site at the center of the town Egilsstaðir, were found, during field registration on the 25th of February 2021.

Inngangur

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum fara fram áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi.

Tilgangur

fornleifaskráningarinnar er að kanna skv. þeim lögum heimildir og skoða deiliskipulagssvæðið á vettvangi til að meta eins nákvæmlega og unnt er hvort fornleifar sjáist á yfirborði eða geti leynst undir sverði.

Rannveig Þórhallsdóttir fornleifafræðingur hjá Sagnabrunni ehf. vann að fornleifaskráningu fyrir

sveitarfélagið Múlaþing vegna vinnu við verndarsvæði í byggð í „gamla bæ“ Egilsstaða. Dr. Unnur B. Karlsdóttir sagnfræðingur og forstöðumaður Rannsóknarseturs Háskóla Íslands á Austurlandi og Anna María Þórhallsdóttir arkitekt hjá Sniddu ehf. sáu um gerð *Húsaskrár Egilsstaða - gamla hverfisins á ásnum*.¹ Hugrún Hjálmarsdóttir var fulltrúi verkkaupa.



Mynd 1. Afmörkun svæðis sem er hér til fornleifaskráningar. Mynd: Steinrún Ótta Stefánsdóttir.

¹ Unnur B. Karlsdóttir og Anna María Þórhallsdóttir. (2021). *Húsaskrá – Egilsstaðir. Gamla hverfið á ásnum*. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi.

Verndarsvæði í byggð

Svæðið sem er hér til fornleifaskráningar er í „gamla bæ“ Egilsstaða (sjá mynd 1). Svæðið nær yfir hluta gatnanna Lagaráss, Seláss, Laufáss, Skjólbrekku og Tjarnarbrautar, nánar tiltekið Lagarás 12, 14, 16, 18, 20, 22, 24, 26, Selás 1,3, 4, 5-7, 6, 8, 9-11, 10, 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23 og 25, Laufás 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 14 og Tjarnarbraut 1, 3, 5, 7 og 9.

Skráningin

Árið 1997 var unnin fornleifaskráning fyrir svæðið, sjá Fornleifaskrá Egilsstaða.² Þar sem sú skráning er komin til ára sinna uppfyllti hún ekki þær kröfur sem Minjastofnun gerir í dag til fornleifaskráningar.

Fornleifaskráningin sem hér er unnin hlaut minjanúmerið 2615 hjá Minjastofnun Íslands. Samkvæmt Fornleifaskrá Egilsstaða voru engar minjar á deiliskipulagssvæðinu.

Rannveig Þórhallsdóttir fór á vettvang í góðu veðri þann 25. febrúar 2021 og skoðaði

deiliskipulagssvæðið. Við fornleifaskráninguna fundust hvorki ummerki um fornleifar á vettvangi né við skoðun á loftmyndum og rituðum heimildum.



Mynd 2. Fornleifasvæðið sem er til skráningar á loftmynd frá árinu 1955.

² Guðný Zoëga og Guðrún Kristinsdóttir. „Fornleifaskrá Egilsstaða.“ Safnastofnun Austurlands, 1997, bls. 30-37 og 52; Ármann Halldórsson, 1974. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II. bindi*, bls. 198-205, Halldór Stefánsson. (1970). *Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum*. Múlaþing V, bls. 181.



Mynd 3. Hér má sjá hvernig svæðið sem hér er til fornleifaskráningar leit út um 1950. Myndin er talin hafa verið tekin á árunum 1946-1958 af Guðna Þórðarsyni. (Þjóðminjasafn Íslands, mynd nr. GP-2457, Sarpur.is).

Sögulegt yfirlit

Eins og áður hefur verið greint frá í fornleifaskráningu á miðbæ Egilsstaða sýna fornleifarannsóknir á kumlum á Fljótsdalshéraði glögggt að búseta var hafin á svæðinu á 10. öld³ þó að þéttbýli á Egilsstöðum hafi myndast á síðustu öld. Menn hafa getið sér þess til að Egill Síðu-Hallsson hafi búið á Egilsstöðum og jörðin verið við hann kennd, en þó er ekkert í fornum ritum sem styður þá sögn.⁴ Í *Fornleifaskrá Egilsstaða* segir að landsvæði Egilsstaða sé nálægt innri mörkum landnáms Una danska og hafi þungamiðja fyrstu byggðar á Egilsstöðum verið austan við Eyvindará. Í *Droplaugarsona sögu*, sem talin er rituð um 1220 og greina frá atburðum er gerðust um árið 1000, er einnig minnst á bæinn Eyvindará.⁵ Silfursjóður og fleiri minjar frá landnámi hafa fundist að Miðhúsum, en Eyvindará og Miðhús eru þó utan deiliskipulagssvæðisins sem fjallað er um hér. Geta má þess að fundur 115 kolagrafa, í um 250

³ Kristján Eldjárn. (2016). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. Þjóðminjasafn Íslands o.fl., bls. 214-242; Rannveig Þórhallsdóttir. (2020). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags miðbæjar Egilsstaða, Múlaþingi*. Sagnabrunnur ehf.

⁴ Ármann Halldórsson. (1997). „Egilsstaðir í gömlum sögnum“. *Egilsstaðabók, frá býli til bæjar*. Egilsstöðum, bls. 20.

⁵ Guðný Zoëga og Guðrún Kristinsdóttir. „Fornleifaskrá Egilsstaða.“ Safnastofnun Austurlands, 1997, bls. 52.

m fjarlægð frá fundarstað silfursjóðsins að Miðhúsum, hefur vakið upp spurningar um það hvort kolavinnsla hafi verið stunduð á svæðinu á 10. öld,⁶ en ummerki um járnvinnslu fyrir árið 1362 fannst við jarðrask að Miðhúsum árið 1986 á svipuðum slóðum og Miðhúsasilfrið.⁷



Mynd 4. Gamli bærinn á Egilsstöðum árið 1945 (Þjóðminjasafn Íslands, GZ2-23c18, Sarpur.is).

Á fimmta áratug tuttugustu aldar tók þorp að myndast í nágrenni Egilsstaðabýlisins sem fékk stöðu kaups árið 1947.⁸ Sá bær sem er næst deiliskipulagssvæðinu er býlið Egilsstaðir, sem var áður fyrir í Vallahreppi í Suður-Múlasýslu. Á Egilsstaðabýlinu hafa einnig fundist ummerki um járnvinnslu. Í *Fornleifaskrá Egilsstaða* segir að tími járnvinnslu úr mýrarrauða hafi að mestu runnið sitt skeið fyrir lok miðalda á fyrri hluta 16. aldar og því megi telja að ummerki um járnvinnslu á Egilsstaðabýlinu séu forn. Egilsstaðabýlisins, sem hefur lengi talist með betri býlum á svæðinu, getur ekki um í sögum fyrir en um 1500, þó að búseta þar kunni að vera eldri. Sögufrægir einstaklingar á Egilsstaðabýlinu eru m.a. Sesselja Loftsdóttir (Hamra-Setta), sem sökuð var um morð á bónda sínum á 16. öld og margt hefur verið skrifað um.⁹ Á Egilsstöðum var þingstaður hins forna Vallahrepps fram yfir 1700. Talið er að frægasti minjastaður í kaupsbýlinu, Gálgás, tengist þinghaldi á Egilsstöðum á 16. og 17. öld.

Loftmyndir af því svæði sem er hér til fornleifaskráningar voru skoðaðar til að athuga hvort hægt væri að greina ummerki um fornleifar. Á mynd 2, loftmynd sem tekin var árið 1955 má sjá að engin ummerki um fornleifar á fornleifarskráningarsvæðinu.

⁶ Rannveig Þórhallsdóttir, Ólafur Örn Pétursson. (2021). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Selskógi, Múlaþingi*. Sagnabrunnur ehf.

⁷ Guðný Zoëga og Guðrún Kristinsdóttir. „Fornleifaskrá Egilsstaða.“ Safnastofnun Austurlands, 1997, bls. 52.

⁸ Hjörleifur Guttormsson. (2018). *Upphæð og öræfin suður af*. Ferðafélag Íslands, árbók, bls. 37; Hjörleifur Guttormsson. (2008). *Úthæð ásamt Borgarfirði eystra, Vikum og Loðmundarfirði*. Ferðafélag Íslands, árbók, bls. 37.

⁹ Sjá *Þjóðsögur Jóns Árnasonar, Grímu, Sjö dauðasyndir* eftir Guðbrand Jónsson (1951), *Austurland III og Múlaþing 2* (Frá höfuðbóli til hellisvistar); Ármann Halldórsson, 1974. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II. bindi*, bls. 198.

Niðurstaða

Hvorki fundust friðlýstar fornleifar, heimildir um friðaðar fornleifar né fornleifar á vettvangi við vettvangsskoðun á verndarsvæði í byggð í „gamla hverfis“ Egilsstaða.

Heimildir

Ágúst Ó. Georgsson. (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.

Ármann Halldórsson, (1975). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II. bindi*, Búnaðarsamband Austurlands.

Ármann Halldórsson. (1997). „Egilsstaðir í gömlum sögnum“. *Egilsstaðabók, frá býli til bæjar*. Egilsstöðum, bls, 20.

Björn Vigfússon (ritstj.). (1997). *Egilsstaðabók: frá býli til bæjar*. Egilsstaðabær.

Guðný Zoëga og Guðrún Kristinsdóttir. „Fornleifaskrá Egilsstaða.“ Safnastofnun Austurlands, 1997.

Hjörleifur Guttormsson. (2018). *Upphérað og öræfin suður af*. Ferðafélag Íslands, árbók.

Hjörleifur Guttormsson. (2008). *Úthérað ásamt Borgarfirði eystra, Víkum og Loðmundarfirði*. Ferðafélag Íslands.

Kristján Eldjárn. (2016). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*, Þjóðminjasafn Íslands o.fl.

Landmælingar Íslands, loftmyndasafn á netinu. *Mynd númer: LI2-1750*. Svæði nr : 104 - Egilsstaðir - Eyvindará. Tökudagur : 1955-08-01. Flughæð : 1500 metrar. Brennividd linsu : 115,02. Stærð filmu : 18x18. Yfirlöppun : 60. Tegund myndar : SH. Flokkur : LI2 númer : 1749 til 1754

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands (www.map.is/minjastofnun/#)

Rannveig Þórhallsdóttir. (2020). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags miðbæjar Egilsstaða, Múlaþingi*. Sagnabrunnur ehf.

Rannveig Þórhallsdóttir, Ólafur Örn Pétursson. (2021). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Selskógi, Múlaþingi*. Sagnabrunnur ehf.

Túnakort fyrir Egilsstaði í Vallahreppi, Suður-Múlasýslu. (1919). Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík. Höf. Þorsteinn Stefánsson, Þverhamri. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík.

Unnur B. Karlsdóttir og Anna María Þórhallsdóttir. (2021). *Húsaskrá – Egilsstaðir. Gamla hverfið á ásnum.* Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Austurlandi.

Örnefnaskrár Egilsstaða, Suður-Múlasýslu. Heimildamaður: Sveinn Jónsson, fæddur 1893.